

Yfirlýsing IFLA um bókasöfn og vitsmunalegt frelsi

Yfirlýsing útbúin af IFLA/FAIFE og samþykkt af framkvæmdastjórn IFLA í Haag í Hollandi þann 25. mars 1999.

[Alarabia](#), [Balgarski](#), [Bangla](#), [Bosanski](#), [Chaltibhasa](#), [Dansk](#), [Deutsch](#), [English](#), [Español](#), [Farsi](#), [Français](#), [Hangul](#), [Hrvatski](#), [Italiano](#), [Kartuli](#), [Lietuviskai](#), [Magyar](#), [Nederlands](#), [Nihongo](#), [Norsk](#), [Polski](#), [Português](#), [Russkij](#), [Shqip](#), [Srpski](#), [Suomeksi](#), [Svenska](#), [Tagalog](#), [Tamil](#), [Türkçe](#), [Viet](#), [Zhongwen](#) (simplified), [Zhongwen](#) (traditional)

IFLA (Alþjóðlegt samband bókasafna og stofnana) styður, ver og stuðlar að vitsmunalegu frelsi eins og það er skilgreint í Mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna.

IFLA lýsir því yfir að allir menn eigi grundvallarrétt til aðgangs að framsetningu þekkingar, skapandi hugsunar og vitsmunalegrar virkni, ennfremur til að tjá skoðanir sínar opinberlega.

IFLA áltur að réttur til þekkingar og tjáningarfrelsi séu tvær mismunandi hliðar sama grundvallar-lögmáls. Rétturinn til þekkingar er forsenda fyrir frjálsa hugsun og samvisku. Frjáls hugsun og tjáningarfrelsi eru nauðsynleg skilyrði fyrir frjálsan aðgang að upplýsingum.

IFLA staðhæfir að fylgi við vitsmunalegt frelsi sé þungamiðja ábyrgðar starfstétta bókasafna og upplýsinga-miðstöðva.

IFLA hvetur þess vegna bókasöfn og starfsfólk bókasafna til að halda fast við undirstöðuatriði vitsmunalegs frelsis, óhindrað aðgengi að upplýsingum og tjáningarfrelsi, ennfremur að viðurkenna friðhelgi notenda bókasafna.

IFLA hvetur meðlimi sína til að efla með starfsemi sinni viðurkenningu og framkvæmd ofangreindra grundvallaratriða. Með því að gera það, staðhæfir IFLA að:

- Bókasöfn láti í té aðgang að upplýsingum, hugmyndum og skáldskap. Þau þjóni sem lykill að þekkingu, hugsun og menningu.
- Bókasöfn láti í té mikilvægan stuðning við símenntun, sjálfstæði í ákvarðanatöku og þróun menningar fyrir bæði einstaklinga og hópa.
- Bókasöfn leggi fram sinn skerf til vaxtar og viðgangs vitsmunalegu frelsi og aðstoði við að tryggja grundvallar lýðræðislegt gildismat og almenn borgaraleg réttindi.
- Bókasöfn beri bæði ábyrgð á að tryggja og auðvelda aðgang að skráðri þekkingu og vitsmunalegri starfsemi. Í þessum tilgangi eigi bókasöfn að afla, varðveita og gera aðgengilegar mismunandi tegundir efnis, sem endurspeglar menningu og fjölbreytileika þjóðfélagsins.
- Bókasöfn eigi að tryggja að fagleg sjónarmið en ekki stjórnmálaleg, siðferðileg eða trúarleg viðhorf ráði við val og aðgengileika safngagna og þjónustu.
- Bókasöfn eigi að afla, skipuleggja og dreifa upplýsingum á frjálsan hátt og vera andvíg hvers konar ritskoðun.
- Bókasöfn eigi að gera safnkost, aðstöðu og þjónustu jafn aðgengileg fyrir alla notendur. Engin mismunun ætti að vera vegna kynþáttar, trúarbragða, kyns, aldurs eða annarra þátta.
- Bókasafnsnotendur muni eiga rétt á friðhelgi og nafnleynd. Bókaverðir og annað starfsfólk bókasafna á ekki að láta uppi við þriðja aðila persónuupplýsingar notenda eða gefa upp efnið sem þeir nota.
- Bókasöfn fjármögnuð af almennafé og sem almenningur hefur aðgang að eiga að hafa grundvallar-atriði vitsmunalegs frelsis í heiðri.
- Bókaverðum og öðru starfsfólki í slíkum bókasöfnum er skylt að styðja við ofangreind grundvallar-atriði.
- Bókaverðir og annað fagfólk á bókasöfnum eiga að uppfylla ábyrgð sína bæði gagnvart vinnu-veitanda sínum og notendum. Ef til árekstra kemur milli þessara þátta skal skylda við notendur vegna þyngra á metunum.